



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi

Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 132/1396
komudagur 22.3.2006


Reykjavík, 20. mars 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál.

Alþýðusambandið tekur undir meginmarkmið frumvarpsins og mælir með því að það verði samþykkt. ASÍ telur þó nauðsynlegt að gildistaka laganna skv. 4. gr. verði endurskoðuð þannig að hún taki mið af ástandi efnahagsmála.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 132/1111
komudagur 2.3.2006

Alþingi
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar,
Nefndavið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

28. febrúar 2006
Tilvísun: 2006020027


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 10. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál, yfirdráttarlán, dráttarvextir. Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að heimild Seðlabanka Íslands til að ákvarða hámarks vanefndaálag sem hluta dráttarvaxta verði lækkuð úr 11% í 9% og hins vegar er lagt til að lögfestir verði hámarksvextir yfirdráttarlána og neytendalána.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið. Hvað varðar tillögu um lækkun á hámarki vanefndaálags telur Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að breyta gildandi ákvæðum. Núgildandi ákvæði veita nægilegt svigrúm til að ákvarða vanefndaálagið innan þeirra marka sem lagt er til í frumvarpinu en að öðru leyti verður að ætla Seðlabankanum að meta hvert sé eðlilegt vanskilaálag á hverjum tíma með hliðsjón af þeim tilgangi dráttarvaxta að vera hvatning til skilvísi. Hvað varðar tillögu um lögfestingu hámarksvaxta yfirdráttarlána og neytendalána þá telur Fjármálaeftirlitið æskilegt að samnings- og vaxtafrelsi gildi almennt við ákvörðun vaxta. Þá verður ekki séð af greinargerð með frumvarpinu að sambærileg ákvæði um hámarks vexti yfirdráttarlána og neytendalána séu til staðar í nágrannalöndunum. Fjármálaeftirlitið telur að varast beri að setja séríslenskar reglur á þessu sviði nema að vel athuguðu máli.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Ragnar Hafliðason


Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2006
200602136
60.12
EJ

Efni: Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllt,



Einar Jónsson
Þróunarsviði

Alþingi
Erindi nr. P 132/1363
komudagur 17.3.2006

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT



NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SÍÐUMÚLA 13
108 REYKJAVÍK
SÍMI 545 1200
TELEFAX 545 1212
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160
128 REYKJAVÍK


Reykjavík, 17. mars 2006

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, 58. mál.

Neytendasamtökin telja að dráttarvextir hér á landi séu allt of háir. Staða einstaklinga er með þeim hætti að samningsstaða þeirra gagnvart miklu sterkari samningsaðila er mjög takmörkuð og engin þegar þeir eru í vanskilum með skuldir sínar. Það er ljóst eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að háir dráttarvextir gera skuldugum heimilum erfitt fyrir og stundum nánast ókleift að vinna sig út úr greiðsluvanda. Því taka samtökin undir með flutningsmönnum frumvarpsins að nauðsynlegt sé að lækka vanefndaálag frá því sem það er nú. Það er sjónarmið Neytendasamtakanna að eðlilegt sé að hámark vanefndaálags sé 7-8% í stað 9% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir og er þá miðað við vanefndaálag í bæði Danmörku og Svíþjóð. Ekki verður séð hvaða forsendur eru fyrir því að vanefndaálag sé miklu hærra hér en í nágrannalöndum okkar, enda eru önnur vanskilagjöld mun hærra hér á landi auk þess sem meðhöndlun vanskila er mun ósveigjanlegri. Í þessu sambandi minna Neytendasamtökin á nauðsyn þess að sett verði lög um innheimtustarfsemi eins og gert hefur verið á öðrum Norðurlöndum, en frumvarp til laga um innheimtustarfsemi hefur ítrekað verið lagt fram á Alþingi.

Neytendasamtökin leggjast á móti því að hámark sé sett á vexti yfirdráttarlána enda væri slíkt í mótsögn við almennt samningsfrelsi sem gildir um vexti. Yfirdráttarlán er í raun umsamið lánaform og er því í litlu frábrugðið öðrum lánum neytenda og fyrirtækja. Neytendasamtökin leggja hins vegar áherslu á að verði dráttarvextir lækkaðir frá því sem nú er mun það líklega hafa áhrif til vaxtalækkunar á yfirdráttarlán þar sem vextir slíkra lána eru næstir í vaxtastiganum við vanskilavexti.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður

RSK

Alþingi
Erindi nr. P 132/863
komudagur 15.2.2006

RÍKISSKATTSTJÓRI

DAGSETNING

TILVÍSUN


Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. febrúar 2006 2006020188

Með bréfi dags. 10. febrúar sl. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál, yfirdráttarmál, dráttarvextir.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt



Indriði H Þorláksson
ríkisskattstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 132/1011
komudagur 23.2.2006

22. febrúar 2006
SÍ 27385

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu,
58. mál

Í bréfi dags. 10. febrúar 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál.

Seðlabanki Íslands telur ekki tilefni til þess að breyta ákvæðum núgildandi laga um vexti og verðtryggingu er varða vanefndaálög og vexti yfirdráttarlána með þeim hætti sem til er lagt í frumvarpinu. Í vanskilavöxtum á að felast eindregin hvatning til skilvísi og þótt vanskilavextir kunni að reynast sérstaklega þungbærir í einhverjum tilvikum réttlætir það ekki almenna lækkun þeirra. Í skýringum við frumvarpið er því haldið fram að bankar og neytendur líti gjarnan á yfirdráttarlán og óverðtryggð skuldabréfalán á svipaðan hátt. Ástæða er til að vara við því ef svo er og nauðsynlegt að allir geri sér grein fyrir mismunandi verði á ólíkri fyrirgreiðslu fremur en að henni verði blandað saman.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. P 132/1053
komudagur 24. 2. 2006



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


23. feb. 2006

Efni: Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58.mál, yfirdráttarlán, dráttarvextir.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið frumvarpið sem felur í sér hömlur varðandi hámark vaxtatöku af yfirdráttarlánnum og hámark dráttarvaxta. Þótt freistandi sé að játa öllu slíku þá þarf að ýmsu að hyggja varðandi svona breytingar.

Samtökin eru almennt hlynnt samningsfrelsi aðila í viðskiptum en telja með tilliti til sérákvæða laga um dráttarvexti, að lögbundnar ákvarðanir um hámark þeirra séu réttlætanlegar enda stafi þeir af vanefndum. Ekki sé um að ræða skerðingu á eðlilegu afgangi af því fjármagni sem lánað hefur verið. Yfirdráttarlán ættu því að vera undanþegin slíkri löggjöf enda um að ræða samningsbundin viðskiptakjör sem falla ekki undir vanefndir.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri



Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 02.03.2006
Tilv. 2005/0037

GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 58. mál, frumvarp til laga um (breytingu á lögum um) vexti og verðtryggingu, yfirdráttarlán, dráttarvextir (132. löggjafarþing)

Inngangur

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. febrúar sl., um ofangreint þingmál sem barst embættinu 15. febrúar sl. en að ósk vegna anna undirritaðs var gefinn viku frestur til umsagnar.

Almennt um frumvarpið

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af þeim lagaramma og þeim sjónarmiðum sem ég miða við til forgangsröðunar takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

Fagna ég frumvarpinu og bendi á að innlenndir vextir – bæði dráttarvextir og almennir vextir – hafa hækkað um 1%-stig síðan það var samið.

Ákvörðun dráttarvaxta

Að því er varðar dráttarvexti vil ég áréttta að dráttarvextir fela í sér skaðabætur fyrir drátt á greiðslu peningaskuldar. Eins og um skaðabætur almennt tel ég eðlilegt að dráttarvextir séu ákveðnir með lögum enda almennt viðurkennt að líta beri svo á að tjón kröfuhafa af greiðsludrætti verði að ákveða með almennum hætti en yfirleitt ekki með hliðsjón af einstaklingsbundnu og aðstæðuháðu tjóni hvers og eins vegna greiðsludráttarins. Á það ekki síður við hvað varðar greiðsludrátt í kjölfar viðskipta neytenda sem standa að jafnaði lakar að vígi við samningsgerð en aðrir sem kunna að hafa samningsstöðu að því er varðar upphæð þeirra skaðabóta sem felast í dráttarvöxtum.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum

Eðli málsins samkvæmt eru skaðabætur yfirleitt ekki umsemjanlegar að lögum enda sjaldan að viðsemjendur beini sjónum að afleiðingum vanefnda fremur en efni sammings rétt efndum – að undanskildum staðalbótum í verktakageiranum, sbr. svonefnt féviti eða dagsektir. Þá er staða neytenda sem kunnugt er sú að í raun er alveg óraunhæft að þeir semji almennt um viðskiptaskilmála við sterkari viðsemjanda, einkum um atriði sem lúta að vanefndum. Slíkar aðstæður – þar sem neytendur hafa ekki að lögum eða í raun aðstöðu til þess að taka upplýsta ákvörðun um viðskipti eða viðskiptakjör – eru meðal forgangsaðgangunarefna hjá embætti talsmanns neytenda („3. ja manns staða“). Tel ég því rétt að gagnvart neytendum séu dráttarvextir ákveðnir fortakslaust í lögum en ekki byggt á óraunhæfu sammingsfrelsi neytenda innan lögákveðins ramma eins og nú er. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að sú sé réttarstaðan í Danmörku og Svíþjóð.

Þá vil ég benda á að tilskipun Evrópusambandsins 2000/35/EB sem vitnað er til í greinargerð með frumvarpinu á ekki við um neytendur. Tilskipunin er eins og í greinargerð segir sett til þess að gera „átak gegn greiðsludrætti í verslunar viðskiptum.“ Sú áhætta smærri og meðalstórra verslunarfyrirtækja, sbr. 7. tl. fororða tilskipunarinnar, sem tilskipuninni er ætlað að vernda er af viðskiptum við önnur fyrirtæki. Í samræmi við þetta er beinlínis tekið fram í 13. tl. fororða tilskipunarinnar að hún gildi einungis í verslunarviðskiptum, sbr. ákvæði 1. gr. hennar um gildissvið. Skilgreining í 2. gr. tilskipunarinnar á verslunarviðskiptum er í samræmi við íslenskan kröfurétt, þ.e. milli fyrirtækja eða milli fyrirtækja og opinberra aðila. Í 13. tl. fororða er berum orðum áréttað að tilskipunin eigi *ekki* við um viðskipti við *neytendur*. Það lágmark – 7%-stig – sem bundið er í tilskipuninni og vakin er athygli á í greinargerð á því ekki við um greiðsludrátt neytenda; þar er því ekkert til fyrirstöðu að frumvarpið gangi lengra í þessu efni.

Í þessu sambandi tel ég að horfa verði til þess að stýrivextir hér á landi eru mun hærri en í nágrannalöndum og öðrum viðmiðunarlöndum og dráttarvextir héraðs um tvöfalt hærri eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu. Héraðs eru dráttarvextir nú 21,5% í íslenskum krónum en 5,0-7,5% í erlendum meginmyntum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Þessu til stuðnings má einnig nefna þá þróun undanfarinna 10-15 ára – sem hvað lengst hefur gengið héraðs – að neytendur greiða afar stóran hluta sinnar neyslu með öruggri greiðslu, þ.e. greiðslukorti (kredit), eða staðgreiða (debet) þannig að áhætta smærri og meðalstórra verslunarfyrirtækja er einnig lítil í viðskiptum við íslenska neytendur og eiga því heldur ekki við efnisrök á borð við 7. tl. fororða umræddrar tilskipunar. Þá má ráða af niðurlagi 13. tl. fororða tilskipunarinnar að hún eigi ekki við um greiðslukortaviðskipti. Í tilviki banka er staða þeirra í lánaviðskiptum við lánveitingu eða í upphafi lánsheimildar sú að bankar hafa bæði tæki, tíma og tækifæri til þess að meta stöðu neytanda áður og áhættu sína af vanefndum. Loks tel ég að sú staðreynd að hér á landi eru ekki í gildi sett lög um innheimtustarfsemi styðji það að dregið sé úr

dráttarvaxtabyrði neytenda enda er sérstaklega litið til innheimtukostnaðar kröfuhafa í 17. tl. fororða tilvitnaðrar tilskipunar, sbr. og e-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Miðað við algengustu greiðslumáta héraðs og útbreiðslu tryggingarráðstafana á borð við ábyrgðir og veð til handa kröfuhöfum eiga grunnrök tilskipunarinnar heldur ekki við hér, sbr. 5. gr. hennar um innheimtuhætti óumdeilda krafna sem er vel fyrir komið héraðs, sbr. 113. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá má benda á að þar sem dráttarvextir eru, sem sagt, skaðabætur í eðli sínu eiga samkeppnissjónarmið ekki við til þess að halda þeim í hófi.

Loks má benda á að dráttarvextir eru ólíkt öðrum vöxtum ákveðnir aðeins tvisvar á ári miðað við 1. janúar og 1. júlí og því fremur ástæða til hófs í ákvörðun þeirra gagnvart neytendum.

Í samræmi við framangreint tel ég ástæðu til þess að taka undir tillöguna sem felst í frumvarpinu hvað dráttarvexti varðar, sbr. að öðru leyti ítarlegar röksemdir í greinargerð með frumvarpinu. Ég tel þó æskilegt að gengið verði lengra og lægri dráttarvextir ákveðnir neytendum til handa. Vísa ég í því efni til þess að umrædd tilskipun 2000/35/EB á samkvæmt framansögðu ekki við um neytendaviðskipti en liggur þó til grundvallar héraðsræddu þingmáli og til grundvallar lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. III kafla almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga (þó að í athugasemdum með 6. gr. frumvarpsins sé áréttað að tilskipunin gildi ekki um neytendaviðskipti). Vísa ég einnig til þess að vanefndaálag er samkvæmt greinargerð með frumvarpinu 7-8% í Skandinavíu en slíkt ætti að duga fullvel héraðs miðað við þann mikla mun sem er á stýrivöxtum (grunni dráttarvaxta) héraðs og í viðmiðunarlöndum.

Hvað varðar dráttarvexti vegna neytendaviðskipta legg ég til að kveðið verði á um lægra vanefndaálag en níu í 2. gr. frumvarpsins til breytingar á 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Hvað sem þeirri tillögu líður tel ég ekki standast það framsal löggjafarvalds til Seðlabanka Íslands sem felst í 2. málslíð 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu með því að honum sé heimilt að ákveða vanefndaálag allt frá bilinu 7% til 15% og legg eins og áður segir til að gagnvart neytendum séu dráttarvextir ákveðnir fortakslaust í lögum.

Hámark yfirdráttarvaxta


Ég tel varhugavert að hrófla við þeirri meginreglu að samningsfrelsi – og þar með samkeppni við eðlilegar aðstæður – gildi um vaxtakjör í landinu enda þótt tillagan varði aðeins neytendalán. Vísa ég þar til þeirrar hættu sem víða er talin fyrir hendi að hámark að lögum verði í raun að lágmarki eða staðli („norm“); ég tel þá hættu fyrir hendi miðað við ríkjandi aðstæður. Tel ég mikilvægara að eftirlitsstjórnvöld líti til þess að gagnsæi ríki í vaxtaákvörðunum og vaxtabreytingarheimildum svo og regla í vaxtabreytingartilkyningum og vaxtaupplýsingum banka til handa neytendum.

Í þessu sambandi lít ég einnig til framangreindrar umfjöllunar að því er varðar tillögu um breytingu á ákvörðun dráttarvaxta, hvað neytendur varðar.

Lokaorð

Loks tel ég mikilvægt í þessu sambandi að raunveruleg samkeppni ríki um alla þætti vaxta og vil í því sambandi áréttast að því er varðar skylt mál að embætti talsmanns neytenda hefur ákveðið sem forgangsmál að taka til athugunar hvort ríkjandi fyrirkomulag á sjálfkrafa tengingu margra neytendalána við vísitölu neysluverðs fari í bága við hagsmuni og réttindi neytenda. Málsmeðferð í því athugunarefni er aðeins nýhafin.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 2/P/1009
komudagur 23.2.2006.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2006.

Efni: Frv. til l. um br. á l. um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 (58. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að ákveðið verði hámark á yfirdráttarvexti auk þess sem dráttarvextir lækki.

Samningsfrelsi í vaxtamálum hefur aukist á síðustu árum og hefur sú þróun verið til góðs. Meira samningsfrelsi um vexti eykur aðganga almennings að lánsfé og stuðlar þannig að því að fólk getur unnið sig út úr fjárkröggum, t.d. með endurfjármögnun. Ef bankar verða neyddir til að hafa of lága vexti á yfirdráttarlánnum munu þeir reyna að takmark tap sitt með því að neita fólki um yfirdráttarlán. Frumvarpið mun því ekki hafa þau áhrif sem lýst er í upphafs málsgrein greinargerðarinnar. Þvert á móti mun frumvarpið verða til þess að þeim verst stöddu mun ekki gefast kostur á yfirdrætti til að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2052
komudagur 2.5.2006




Reykjavík, 28. apríl 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 58. mál
Örorkubandalagi Íslands hefur borist frumvarp til laga um vexti og verðtryggingar, 58. mál.

ÖBÍ styður frumvarpið eins og það hefur verið lagt fram og hvetur til samþykki þess.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖBÍ


Hafdis Gísladóttir
framkvæmdastjóri